



## Minnisblað

Viðtakandi: Vísinda- og tækniráð

Sendandi: Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Dagsetning: 29. nóvember 2019

Efni: Skipun nefndar um vandaða starfshætti í vísindum.

Lög um vandaða starfshætti í vísindum nr. 70/2019 tóku gildi þann 5. júlí 2019. Samkvæmt 5. gr. laganna skipar ráðherra sjö manns í nefndina til fjögurra ára í senn. Ráðherra ber að gæta þess að í nefndinni sé fyrir hendi þekking á vísindasiðfræði, lögfræði og ólíkum rannsóknarsviðum, þ.m.t. rannsóknum í atvinnulífínu. Ráðherra skal leita eftir tilnefningum frá háskólum og öðrum aðilum rannsóknarsamfélagsins og hafa samráð við Vísinda- og tækniráð áður en gengið er frá skipun.

Leitað var til Samstarfsnefndar háskólastigsins og henni boðið að tilnefna fjóra aðalmenn og fjóra til vara. Þá var auglýsing birt í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu í september og október þar sem óskað var eftir tilnefningum. Tilnefningar bárust frá Listaháskóla Íslands, Vísindafélagi Íslands, Íslenskri erfðagreiningu og Læknafélagi Íslands. Einn til viðbótar var tilnefndur af einstaklingi.

### Lögð er til eftirfarandi skipun (í stafrófsröð aðalmanna):

Björg Thorarensen prófessor við Háskóla Íslands, lögfræði, (tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

- til vara Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Háskóla Íslands, lögfræði, (tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

Eyja Margrét Brynjarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, heimspeki og hagnýt siðfræði, (tilnefnd af Vísindafélagi Íslands),

- til vara Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands, safnafræði, (tilnefnd af Listaháskóla Íslands),

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda hjá Háskóla Íslands, félagsfræði, (tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

- til vara Ása L. Aradóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, vistfræði, (tilnefnd af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

Haukur Logi Karlsson, nýdoktor við Háskólann í Reykjavík, lögfræði, (tilnefndur af einstaklingi),

- til vara Þórdís Ingaðóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík og doktorsnemi við Háskólann í Helsinki, lögfræði, (tilnefnd af Vísindafélagi Íslands),

Hilma Hólm, yfirmaður hjarta- og æðarannsóknna hjá Íslenskri erfðagreiningu, læknisfræði, (tilnefnd af Íslenskri erfðagreiningu),

- til vara Ingileif Jónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu, ónæmisfræði, (tilnefnd af Íslenskri erfðagreiningu),

Runólfur Pálsson, yfirlæknir Landspítala og prófessor, læknisfræði, (tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

- til vara Skúli Skúlason, prófessor við Háskólann á Hólum, vistfræði, (tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

Sigurður Kristinsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, heimspeki, (tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins),

- til vara Róbert H. Haraldsson, prófessor við Háskóla Íslands, heimspeki, (tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins).

**Lagt er til að Sigurður Kristinsson verði formaður nefndarinnar.**